

Þriðjudaginn 31. október 1989.

Nr. 119/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Víði Kristjánssyni**

(Hilmar Ingimarsson hrl.).

Tilraun til manndráps.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari, og Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. mars 1989 til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu.

Verjandi krefst, að ákærði hljóti vægustu refsingu lögum samkvæmt og að gæsluvarðhald ákærða frá 15. nóvember 1988 komi til frádráttar dæmdri refsingu. Hann krefst og málsvarnarlauna fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakin skýrsla ákærða og framburður vitnisins Baldvins Baldvinssonar.

Leggja verður til grundvallar þá frásögn ákærða, að hann hafi tekið hnífana tvo í því skyni að hafa þá á brott með sér.

Ákærði átti þess kost, er hann hafði klætt sig í buxur og peysu, að yfirgefa Baldvin og losna undan áleitni hans. Hann gekk hins vegar að rúminu, þar sem Baldvin hafði lagst, og settist hjá honum. Framferði Baldvins getur á engan hátt réttlætt atferli ákærða, sem gat ekki dulist, að lífsháski stafaði af atlögu hans.

Ber því að staðfesta sakarmat héraðsdóms og heimfærslu á broti ákærða til 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og komi henni til frádráttar gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 15. nóvember 1988.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Víðir Kristjánsson, sæti fangelsi sex ár, og komi gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 15. nóvember 1988 refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 75.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 22. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 64/1989: Ákærvaldið gegn Víði Kristjánssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 25. janúar sl., á hendur ákærða, Víði Kristjánssyni sjómanni, áður að Bergstaðastræti 60, nú að Bræðraborgarstíg 10 í Reykjavík, fæddum þar í borg 17. janúar 1964.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir tilraun til manndráps með því að hafa um kl. 8 að morgni sunnudagsins 13. nóvember 1988 stungið Baldvin Baldvinsson, Sólvallagötu 27, Reykjavík, með hnífi lífshættulega stungu í kviðarhol á heimili Baldvins, og gekk stungan gegnum netju og ristil við vinstra nýra og aftur undir húð á baki. Hlaut Baldvin miklar blæðingar í kviðarholi, sem stöðvaðar voru í skurðaðgerð stuttu síðar.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

#### Málavextir.

Sunnudagsmorguninn 13. nóvember sl. klukkan 8.03 var hringt til lögreglunnar í Reykjavík frá Sólvallagötu 27, og kvaðst sá, er hringdi, hafa

verið stunginn með hnífi. Þrír lögreglumenn fóru á vettvang, og segir í skýrslu eins þeirra, að þegar hann kom að húsinu, hafi komið út út því maður, klæddur í náttslöpp og nærbuxur, og hafi hann verið reikull í spori. Kvaðst hann hafa verið stunginn með hnífi, og með það féll hann við, en lögreglumaðurinn greip hann. Rétt á eftir kom sjúkrabífreið á staðinn og flutti manninn á slysadeild Borgarspítalans. Áður var hann búinn að stynja því upp, en mjög var af honum dregið, að sá, sem hefði stungið sig, hétí Viðir, væri rauðhærður, á miðjum aldri, klæddur í bláar „galla“-buxur, og þegar hann hefði farið, hefði hann verið í svartri peysu af sér.

Hinn slasaði reyndist vera Baldvin Baldvinsson, fæddur 18. október 1947, og íbúð hans tveggja herbergja rishæð hússins. Hann afhenti lögreglumönnum lykla að íbúðinni, og fóru þeir og könnuðu vettvang, en afhentu síðan rannsóknarlögreglumönnum lyklna, er þeir komu á staðinn.

Kl. 16.20 fóru tveir starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins í gjörgæsludeild Borgarspítalans og ræddu þar við Baldvin, sem var vel vakandi eftir skurðaðgerð. Í þessu viðtali við Baldvin voru honum sýndar sex ljósmyndir úr myndasafni rannsóknarlögreglunnar, og tók hann strax út mynd af ákærða, Viði Kristjánssyni, sem síðan var hafin að leit. Á milli klukkan 18 og 19 var ákærði handtekinn af tveimur rannsóknarlögreglumönnum, þegar hann var að koma út úr húsinu nr. 10 við Bræðraborgarstíg í Reykjavík, en þangað voru lögreglumennirnir að koma til leitar að honum. Kannadist ákærði strax við málið og var færður á slysadeild Borgarspítalans til töku á þvag- og blóðsýnum, sem tekin voru klukkan 18.25 og 18.50.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnisins Baldvins og ákærða.

Baldvin skýrir svo frá, að hann hafi verið á leið heim til sín úr húsi við Lindargötu um klukkan 6 að morgni sunnudags 13. nóvember sl. og verið að skoða í búðarglugga í Austurstræti, þegar ákærði ávarpaði sig, en vitnið kannadist við hann og hafði gert í 8-10 ár. Ákærði hefði spurt sig m.a., hvort hann vildi reykja með sér hass. Játti hann því, og gengu þeir saman heim til vitnisins. Vitnið man ekki, hvor þeirra átti uppástunguna að því að fara heim til þess, en þar settust þeir tveir saman í sófa í stofu, ræddu saman og reyktu úr pípu hassefni. Telur vitnið, að kynferðismál hafi borið á góma og þá mál samkynhneigðra. Á meðan ákærði og vitnið ræddu saman, tóku þeir tvær töflur, sem þeir skiptu hvorri um sig á milli sín. Var önnur þeirra mogadon frá vitninu, en hin frá ákærða, sem sagði hana sterkari en mogadon.

Vitnið gerir sér ekki grein fyrir, hvernig það æxlaðist, að þeir fóru saman í rúm vitnisins, en vitnið kveðst á engan hátt hafa tælt ákærða eða misnotað hann. Segir vitnið, að ákærði hafi verið vel hress, þegar þeir héldu inn í svefnherbergið, en á leiðinni þangað klæddu þeir sig úr fötunum.

Vitnið og ákærði lágu síðan saman í rúmi vitnisins allsnaktir og ræddu saman kynmök tveggja karla og létu vel hvor að öðrum, án þess að til kynmaka kæmi. Taldi vitnið, að ákærði vildi ekki eiga kynmök. Segir vitnið, að það muni til þess að hafa í stríðni sagt við ákærða, að það ætlaði að ríða honum.

Vitnið segir, að ákærði hafi skyndilega risið upp í rúminu og klætt sig í gallabuxur sínar og peysu af vitninu. Síðan fór hann úr svefnherberginu, og rétt á eftir heyrði vitnið, að rann úr krana í eldhúsinu. Þegar ákærði kom til baka, kom hann aftur upp í rúmið í fötunum, og telur vitnið, að það hafi farið að juða í ákærða að afklæðast að nýju. Rétt á eftir og án þess að vitnið hefði þuklað á ákærða, sem komið hafði afslappaður og brosandí upp í rúmið, dró ákærði upp hníf og sagði: „Ég ætla að stinga þig.“ Skipti síðan engum togum, að ákærði stakk vitnið með hnífnum í kviðinn og gerði þetta rólega, en ekki snögglega, og með hægri hendi.

Vitnið man ekki, hvor þeirra tók hnífinn úr sárinu, en strax eftir stunguna hljóp ákærði á brott, en vitnið hringdi á lögreglu eða sjúkrabíl og fór eftir það niður í anddyri hússins og þaðan út á götu.

Vitnið kveðst að mestu búið að jafna sig eftir atburðinn.

Ákærði segir, að hann hafi stungið Baldvin með hnífi í kviðarhol umræddan morgun, en mótmælir því, að um tilraun til manndráps hafi verið að ræða af sinni hálfu.

Ákærði kveðst hafa hitt Baldvin á milli klukkan 5 og 6 umræddan morgun í Austurstræti, og tóku þeir tal saman. Að boði Baldvins fór ákærði heim með honum og hafði í huga að reykja þar hassskaf úr pípu, sem hann hafði meðferðis, en það mátti ákærði ekki gera heima hjá föður sínum, en þangað hugðist ákærði halda á eftir. Kveðst ákærði hafa þekkt Baldvin frá fyrri tíð, en þó ekki með nafni. Hafði hann komið heim til hans í „party“ um þremur árum áður.

Ákærði settist í tveggja sæta sófa í íbúð Baldvins við hlið hans, og ræddu þeir saman. Þá neyttu þeir tveggja taflna, sem þeir áttu, og skiptu þeim hvorri um sig á milli sín. Ákærði segir, að Baldvin hafi átt mogadon-töflu, 5 mg, og hann sjálfur aðra töflu, sem sér hafi verið gefin um kvöldið eða nóttina.

Ákærði man, að Baldvin tók utan um hann, þar sem þeir sátu í sófanum, og var að strjúka honum og reyna við hann. Lét ákærði þetta afskiptalaust og þóttist ekki taka eftir því, en hafði engan hug á að leggjast með Baldvini. Telur ákærði, að þeir hafi setið í sófanum hálfa til heila klukkustund og rætt saman. Þá reyktu þeir á þessum tíma úr pípunni. Man ákærði, að á meðan hann var að skafa úr pípunni, áður en þeir reyktu úr henni, fór Baldvin fram á salerni, en ákærði á meðan í eldhúsið og tók þar tvo hnífa, sem hann hugðist slá eign sinni á, þar sem slíka hnífa vantaði á heimili

föður síns. Ákærði setti stærri hnífinn inn undir gallabuxur sínar við bakhluta sinn, en minni hnífinn setti hann í rassvasa á buxunum.

Ákærði man ekki nákvæmlega, hvernig það æxlaðist, að þeir héldu til svefnherbergisins, en ákærði kveðst hafa verið orðinn háflslompaður og slappur og hugðist leggja sig. Telur ákærði, að hann hafi fært sig sjálfur úr öllum fötunum, og man, að þeir lágu allsberir saman uppi í rúminu og að Baldvin var að láta vel að sér. Lágu þeir hlið við hlið. Minnir ákærða, að Baldvin hafi sagt, að hann ætlaði að ríða sér og hafi hann verið með lim sinn nálægt endaparmi ákærða. Fannst ákærða þetta ógeðslegt og það Baldvin að hætta. Gerði hann það og fór fram í eldhús, en áður var ákærði búinn að koma hnífum fyrir í yfirhöfn sinni, sem var á gólfinu í svefnherberginu ásamt öðrum fatnaði hans. Ákærði klæddi sig í gallabuxurnar og einhverja peysu og setti hnífana á sömu staði og áður. Eftir það kom Baldvin aftur og lagðist allsber í rúmið, en ákærði settist á rúmstokkinn. Þegar ákærði ætlaði að standa upp eftir stutta stund, reisti Baldvin sig upp að hálfu og reyndi að klæða hann að nýju úr gallabuxunum, en ákærði hafði sagt, um leið og hann stóð upp, að hann ætlaði að fara. Var Baldvin búinn að renna niður rennilásnum á buxum ákærða og taka um lim hans. Var Baldvin um leið að toga ákærða til sín. Á þessari stundu fann ákærði, að stóri hnífurinn var að detta niður. Jafnframt varð ákærði alveg brjálaður, greip hnífinn og rak hann mjög snögg í kvið Baldvini. Ákærði telur sig lítið hafa hugsað út í það, hvaða afleiðingar þetta hefði, og ekki hugsaði hann út í, hvar hnífslagið myndi lenda, né hafði hann einhvern ákveðinn stað á líkama Baldvins í huga.

Ákærði var mjög ruglaður á þessari stundu og stökk á fætur og út. Skildi hann skó sína eftir. Hann gerir sér ekki grein fyrir, hvort hann kippti hnífnum úr sárinu eða ekki, og telur sig hafa stungið Baldvin með hægri hendi, en ákærði er réttthendur. Ákærði kveðst ekki hafa haft í huga að bana Baldvini, en ekkert gerði hann til að koma honum til hjálpar eftir verknadinn.

Við rannsókn málsins sagði ákærði, að hnífurinn hefði staðið í sárinu, þegar hann yfirgaf Baldvin.

Ákærða minnir, að kynferðismál hafi borið á góma, þar sem þeir sátu í sófanum, en ekki getur ákærði gert grein fyrir því, um hvað umræðurnar snerust.

Vitnið Baldvin segir, að yfirhöfn ákærða sé enn í íbúð sinni á herðatré, og hefur aldrei komið inn í svefnherbergið. Ekki veit vitnið, hvar ákærði geymdi hnífinn, en fullyrðir, að ákærði hafi lagst aftur upp í rúmið, þegar hann kom úr eldhúsinu, og hafi legið í rúminu, þegar hann lagði til vitnisins, en ekki verið frammi á gólfi. Vitnið kannast ekki við að hafa rennt niður rennilásnum á buxum ákærða og tekið um lim hans, rétt áður en

vitnið fékk hnífslagið. Vitnið fullyrðir, að ákærði hafi legið fyrir ofan sig í rúminu, þegar hann lagði til þess, og hafi hann risið upp á olnboga.

Ákærði og vitnið Baldvin segja, að þeir vilji ekki hvor um sig mótmæla framburði hins, þar sem á milli ber, en segjast hvor um sig ekki muna betur en að framan greinir.

Ákærði kveðst hafa verið búinn að vera við áfengisdrykkju svo til stanslaust nokkra mánuði, þegar hann hitti Baldvin umrætt sinn, og einnig hefði hann á þessu tímabili neytt ýmissa fíkniefna og lyfja. Í október fór ákærði þó einn túr á togara.

Nálægt miðnætti aðfaranótt sunnudagsins fór ákærði á veitingastaðinn Tunglið við Lækjargötu og var þar fram að lokun kl. 3 um nóttina og við áfengisdrykkju. Eftir lokun í Tunglinu var ákærði að þvælast drukkinn um borgina, þar til hann hitti Baldvin um morguninn.

Ákærði kveðst hafa haldið eftir atburðinn heim til föður síns, þar sem hann dvaldist að mestu, þar til hann var handtekinn. Bjóst hann við handtöku á hverri stundu, en um daginn skrápp hann niður í miðborg.

Vitnið Rut Bergsteinsdóttir kaupmaður, Boðagrandi 3 í Reykjavík, segir, að Baldvin Baldvinsson hafi dvalist hjá sér laugardaginn 12. nóvember sl. frá því síðla dags og fram undir miðnætti. Borðaði hann kvöldverð hjá vitninu og neytti með því einnar rauðvínsflösku í félagi við tvo aðra full-orðna. Sá ekki vín á Baldvini þegar hann hvarf á brott, en næst sá vitnið ekki Baldvin fyrr en eftir umræddan atburð.

#### *Áverki Baldvins Baldvinssonar.*

Í vottorði Jóns Nielssonar, lækni á skurðeild Borgarspítalans, dagsettu 9. desember sl., segir svo um afskipti deildarinnar af Baldvini Baldvinssyni vegna hnífstungunnar:

„Fölur og meðtekinn af verk í kviðarholi. Höfuð og háls er eðlilegt. Skoðun á brjóstholi er ómarkverð. Hjarta og lungnahlustun er eðlileg. Við skoðun á kvið kemur í ljós, að hann er pínulítið þaninn, en brettarður, og neðan vi. rifjaboga í mammillarlínu er stungugat, um það bil 4 cm langt. Ekki verður af innstungugatinu ráðin stefnan á lagvopninu. Ekki blæðir úr þessu sem stendur, en í sárinu sést móta fyrir innihaldi, sem gæti verið garnalykkjur. Aðra áverka ekki að sjá á kviðarholi. Útlímir eru eðlilegir og engin merki um sköddun á þeim. Augljóst var, að um alvarlegan áverka var að ræða, og var því sjúklingur eftir undirbúning færður til skurðstofu til aðgerðar. Við hana kom í ljós, að lagvopnið hafði gengið í gegnum kviðvegginn á áður nefndum stað, gegnum netju og ristil á tveimur stöðum. Þaðan lá leiðin aftur á við gegnum ristilhengið rétt neðan við brisartil inn í nýrnafitu, og hefur lagvopnið sýnilega snert og skaddað óverulega nýrað utanvert. Áfram liggur sporið út úr nýrnafitu og aftur undir XII. rif neðan-

vert og þar allar götur út undir húð á baki. Talsvert blóð hafði safnast fyrir í kviðnum. Það var hreinsað út og önnur líffæri skoðuð, þ.e.a.s. lifur, garnir að öðru leyti, magi, bris, milta og ristill. Ekki fundust aðrir áverkar en þeir, er að framan getur. Götunum í ristlinum lokað á venjulegan hátt, og blæðandi æðar í netju og ristilhengi eru stöðvaðar. Ekki blæddi úr skurðinum á nýranu, en töluvert blæddi úr æðum neðan við XII. rif. Sú blæðing var að lokum stöðvuð, og var þá engin blæðing lengur inn í kviðarholið. Ekki var að sjá merki um, að áverkinn hefði skemmt þind eða brjóst-holslíffæri. Kviðarholið er síðan skolað með dauðhreinsuðu saltvatni. Settur kerfi vi. megin utanvert inn í kviðarhol af áverkastað. Gengið frá sári á venjul. hátt að lokum. Sjúklingur þurfti á nokkrum blóðgjöfum að halda, en þoldi aðgerðina vel og jafnaði sig ótrúlega vel eftir hana. Í ljós kom þó, að minni háttar loftleki hafði orðið neðan frá upp í brjósthol, svo að eitthvað virðist lagvopnið hafa skaddað þindarkantinn, enda þótt það sæist ekki. Þetta jafnaði sig að því frá töldu, að örlítil vökvassöfnun varð í vi. lungnasekk. Sjúklingur útskrifaðist 22.11.'88 til dvalar heima og eftirlits í göngudeild spítalans. Hann var í skoðun hjá undirrituðum 8. desember og kvartaði þá helst yfir verk utanvert við stungusvæðið, sem leiddi upp í brjósthol, jafnvel upp í öxl. Það var tekin af honum brjóstmynd, sem sýndi eðlilegt ástand lungna að því frá töldu, að óveruleg vökvaskvætta er enn ekki horfin úr brjóstholi vi. megin. Fylgst verður með sjúklingi áfram.“

Vitnið Jón Niélsson lækni, Sæbraut 17 á Seltjarnarnesi, hefur staðfest framangreint vottorð sitt um áverka Baldvins.

Vitnið segir, að áður en það gerði uppskurð á Baldvini, hafi það ekki vitað, hversu alvarlegur áverkinn var, en eftir uppskurðinn er það mat vitnisins, að áverkinn hafi verið lífshættulegur. Vitnið segir, að áverki líkur þeim, er Baldvin hlaut, sé af skurðlæknum talinn lífshættulegur.

Vitnið segir, að erfitt sé að svara því, hve miklar almennar líkur séu á fjörtjóni, ef lagvopni sem því, er beitt var umrætt sinn, sé stungið vinstra megin í kviðarhol, jafndjúpt og raun ber vitni, en vitnið sá umræddan hníf. Vitnið telur, að nokkrar líkur séu á lífshættulegum áverka. Vitnið segir, að tæknilegur möguleiki sé á að lifa af hnífstungu í kviðarhol, og fari þetta eftir því, í hvaða eða hve mörg líffæri hnífstungan fari. Vitnið segir, að áverki sá, sem Baldvin hlaut umrætt sinn, hafi verið þess eðlis, að meiri líkur séu á því, að hann hefði dáið af honum en lifað hann af, ef ekkert hefði verið að gert.

#### *Áfengis- og lyfjarannsókn á ákærða.*

Eins og áður er komið fram, voru ákærða tekin blóð- og þvagsýni þegar eftir handtökuna. Voru sýnin rannsökuð í Rannsóknastofu Háskólans í

lyfjafræði. Samkvæmt matsgerð rannsóknastofunnar var magn etanóls í blóði ákærða 1,09‰, en í þvagi hans 0,84‰. Segir í matsgerðinni, að niðurstöðutölur þessara rannsókna bendi til þess, að ákærði hafi neytt áfengis, skömmu áður en sýnin voru tekin. Enn fremur megi telja öruggt, að ákærði hafi neytt amfetamíns, allnokkru áður en sýnin voru tekin, en í þvagsýninu voru 0,7 mikróg/ml af amfetamíni og auk þess kannabínóíðar (meira en 50 ng/ml), en magn þeirra bendi til þess, að ákærði hafi einnig neytt kannabis, en staðfesti það ekki. Til þess hefði þurft að senda sýni til Noregs til staðfestingar, en það tæki oft langan tíma. Fram kemur, að benzódíazepín-sambönd, morfin og amfetamín hafi ekki verið í mælanlegu magni í blóði ákærða.

### *Rannsókn á vettvangi.*

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar gerði vettvangsrannsókn á heimili Baldvins Baldvinssonar og segir, að íbúð hans sé vestan til í húsinu á efstu hæð og sé gengið inn í íbúð hans til hægri, þegar komið sé á efsta pall, en íbúðin sé stofa, svefnherbergi, eldhús, bað og gangur, sem tengi saman herbergin. Er norðurhlíð íbúðarinnar að hálfu leyti undir súð. Síðan er íbúðinni, húsbúnaði og öðrum hlutum í íbúðinni lýst nákvæmlega. Kemur fram, að þegar komið sé inn í íbúðina, sé stofan strax á vinstri hönd, og rétt innan við stofudyr liggi blóðugur hnífur, og vísi oddur hans í vestur. Þá kemur fram, að í eldhúsinu hafi hnífaparaskúffan verið útdregin. Á ljósmyndum úr íbúðinni sést blóðslóð á gólfi í svefnherbergi og stofu og einnig blettir í rúmi í svefnherbergi, sem virtust blóðblettir.

Tæknideild rannsóknarlögreglunnar lýsir hnífnum svo, að hann sé framleiddur í Japan, og sé hann allur 33,5 cm á lengd, blaðið 20 cm langt og 43 mm breitt, þar sem það sé breiðast. Var hnífurinn mjög blóðugur beggja vegna, og náði blóðið 17 cm upp eftir blaðinu.

### *Hagir ákærða.*

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, framkvæmdi geðheilbrigðisrannsókn á ákærða, og Heiðdís Sigurðardóttir sálfræðingur lagði fyrir ákærða greindarpróf. Samkvæmt því er greindarvísitala alls prófsins 103, en það er talið í meðallagi.

Í þessum rannsóknum kemur m.a. fram, að ákærði sé einhleypur sjómaður, sem hafi verið giftur í 2½ ár og eigi fimm ára dóttur. Hann hafi gengið í skóla í Kópavogi og byrjað í 9. bekk í Skógaskóla, en hætt eftir þrjár vikur og farið á sjóinn. Ákærða hafi gengið skólanám í meðallagi, en hann hafi verið byrjaður í öreglu 12 ára gamall og misnotað áfengi og önnur vímuefni um langt skeið. Þá hafi hann farið í meðferð á Vogu og á Staðarfelli fyrir tveimur árum, en byrjað að drekka aftur, er hann kom af Staðarfelli.



Í niðurlagi skýrslu yfirlæknisins um geðheilbrigðisrannsóknina segir svo:

*„Ályktun.*

Ljóst er, að Viðir Kristjánsson er ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskort. Hins vegar greinast merki um persónuleikatrufnanir, og Viðir hefur misnotað áfengi og neytt fíkniefna um margra ára bil. Hann gerði þrjár tilraunir til meðferðar á sjúkrastöð SÁÁ á árunum 1986-87, en með takmörkuðum árangri. Framangreindar persónuleikatrufnanir hafa m.a. komið fram í hegðunarvandráðum frá unga aldri, afbrotum á unglingsárum, áfengismisnotkun og fíkniefnaneyslu ásamt óreglulegri skóla- og atvinnusókn.

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim, er Viðir er nú grunaður um, vega sennilega þýngst framangreindir skapgerðargallar samfara áfengis- og fíkniefnaáhrifum. Enn fremur virðist ljóst, að Viðir er sem næst tvíkyhnheigður (bisexual), en hann telur sig ekki samkyhnheigðan. Viðir telur, að hann hafi e.t.v. vakið fullmiklar væntingar hjá þólandanum í máli þessu, en sér hafi síðan snúið hugur. Nánasta orsök umrædds atviks hefur því að líkindu verið innri togstreita og skyndilegur missir sjálfsstjórnar undir áhrifum áfengis og fíkniefna.

Ég hef lagt á það áherslu, að Viðir geri sér grein fyrir skapgerð sinni og að hann haldi sig framvegis algerlega frá neyslu áfengis og annarra vímuefna. Þó að líklegt megi teljast, að dómgreind Viðis hafi verið sljógvúð vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu, þegar framangreindur atburður varð, verður þó að álykta, að raunveruleikamat og dómgreind Viðis Kristjánssonar sé annars með þeim hætti, að hann teljist sakhæfur.“

*Rannsókn málsins.*

Vitnið Gunnar Sigurður Ingólfur Sigurðsson lögreglumaður, Næfurási 4 í Reykjavík, gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af málinu og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Starfsmenn Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem unnu að rannsókn málsins, hafa allir komið fyrir dóminn við meðferð þess og staðfest þau verk, sem þeir unnu að. Eru það rannsóknarlögreglumennirnir Kristján Friðþjófsson, Ástúni 10 í Kópavogi, Kristján Hallgrímur Kristjánsson, Fífumýri 6 í Garðabæ, Óskar Þór Sigurðsson, Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, Sigurbjörn Viðir Eggertsson lögreglufulltrúi, Yrsufelli 40 í Reykjavík, og Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4 í Reykjavík.

*Niðurstöður.*

Sannað er með játningu ákærða, framburði vitnisins Baldvins, læknisvottorði og öðru því, sem fram er komið í málinu og rakið var, að ákærði

hafi stungið Baldvin Baldvinsson með hnífi í kviðarhol á heimili hans að morgni sunnudags 13. nóvember sl. með þeim afleiðingum, sem frá greinir í ákæru og læknisvottorði, en að mati læknis þess, sem skar Baldvin upp, var áverkinn lífshættulegur.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi ekki haft í huga að bana Baldvini, og mótmælir því, að um tilraun til manndráps hafi verið að ræða. Kveðst ákærði hafa rekið hnífinn mjög snögg í kviðinn á Baldvini og þá verið alveg brjálður, en Baldvin segir ákærða hafa stungið hnífnum í sig rólega, en ekki snögglega. Ákærði og vitnið Baldvin eru sammála um, að þeir hafi farið saman allsnaktir í rúmið í svefnherbergi Baldvins, og ekkert er komið fram um það, að ákærða hafi verið þröngvað til þess. Einnig er það samhljóða framburður beggja, að Baldvin hafi sýnt ákærða kynferðislegan áhuga í orði og verki. Þá er ljóst, að ákærði gat komið sér undan þessu og hafði haft til þess góðan tíma, áður en þeir fóru upp í rúm, og einnig eftir það. Verða þau viðbrögð hans eftir jafnlangan tíma að stinga Baldvin með hnífi í kviðinn að teljast langt út fyrir öll eðlileg viðbrögð við kynferðislegum afskiptum Baldvins af ákærða. Enda þótt ósannað sé, að hugur ákærða hafi staðið til þess að bana Baldvini, verður að telja þá sögu ákærða afar ósennilega, að hann hafi tekið hnífana og sett í klæði sín til þess að stela þeim. Hins vegar þykir ekki fram komin sönnun fyrir því, að ákærði hafi sótt þá fram í eldhús í þeim tilgangi að nota þá, annan eða báða, til þess að stinga Baldvin með þeim. Allt að einu var sú háttsemi að stinga hinum stærri í kvið Baldvins langlíklegust til að hafa í för með sér dauða hans, og gat ákærða ekki dulist, að svo væri. Er ákærði því sekur um tilraun til manndráps með þeirri háttsemi að stinga hnífnum í kvið Baldvins. Varðar þessi háttsemi við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

#### *Sakaferill ákærða.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1979 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr., sbr. 22. gr., hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið tvö ár frá 8.10.1979.
- 1981 31/7 Kópavogi: Dómur: tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í þrjá mánuði frá 21.8.1981.

#### *Refsing.*

Með hliðsjón af því, sem rakið var um samskipti ákærða og Baldvins, áður en ákærði stakk hann, svo og, að hann yfirgaf hann eftir atlguna

án þess að skeyta um ástand hans eða að leita honum hjálpar, þykja engar refsilækkandi ástæður koma til greina hjá ákærða, sem telst sakhæfur. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af þessu hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár.

#### *Gæsluvarðhald.*

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði dómsins 15. nóvember sl. til 14. desember sl., en þann dag var gæsluvarðhaldið fram-  
lengt til 1. mars nk., og hefur ákærði sætt því allt til þessa. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að þetta gæsluvarðhald, 99 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

#### *Sakarkostnaður.*

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 75.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 120.000,00 krónur. Málið flutti af ákæruvaldsins hálfu Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Viðir Kristjánsson, sæti fangelsi í sex ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 99 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 75.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 120.000,00 krónur.

---